

Skólaráðsfundur 15.nóvember 2017

Mættir eru auk Stefaníu, Kristín, Steinunn, Brynhildur, Þórey og Jón Steinar.

Starfsmenn og nemendur

Stöðugildi kennara við skólann eru 6, 7 með leikskólanum, 5 stöðugildi almennra starfsmanna. Sérkennari kemur aðra hverja viku. Nemendum fjölgaði síðan í fyrra um 20 prósent. Kennslutími kennara var því aukinn lítillega frá fyrra ári. 50 nemendur eru við skólann í ár þar af 8 á leikskólanum. 8 nemendur eru tvítyngdir. 25-30 prósent nemenda þurfa á einhverjum stuðningi að halda.

Matráðurinn er í veikindaleyfi og er óljóst hvenær hann kemur til baka. Ráðið er tímabundið í hans stað.

Þróunarverkefnið

Verið er að ljúka við skýrslu vegna þróunarverkefnisins okkar "þematengdar spanir". Við eigum eftir að fá síðustu greiðslur úr sprotasjóði. Verkefnið er alltaf í þróun er er í grófum dráttum byggt á sama grunni. Almennt er ánægja með breytta kennsluhætti, bæði hjá nem. og kennurum. Aðrir skólar eru farnir að horfa til okkar og jafnvel er farið að prófa sig áfram með svipuð verkefni annarsstaðar. Við komum til með að halda áfram að þróa verkefnið, nú eru tæknimál uppi á borðinu. Hugmyndir um spjaldtölvuvæðingu á Fljótsdalshéraði. Það væri mjög sterkt að allir nemendur frá 6.-10.bekk, gætu haft eina spjaldtölvu á mann. Fyrsta skrefið er að hver kennari hefði sitt spjald. Óháð stefnu Fljótsdalshéraðs mun Brúarásskóli taka skref í þessa átt.

Fjármál

Breytingar urðu töluverðar milli skólaára, sem gerir það að verkum að við munum fara fram úr áætlun á launalið. Búið er að gera grein fyrir þessu bæði fyrir fræðslunefnd og bæjarráði. Búið er að samþykkja áætlun fyrir 2018 af fræðslunefnd sem hljóðar upp á 147.197.000 kr.

Matsskýrsla/úrbótaáætlun

Matskýrsla síðasta árs er á heimasíðunni. Farið yfir úrbótaáætlun.

Viðhald

Heilmikið viðhald hefur átt sér stað undanfarin ár. Nánast er búið að skipta um glugga í eldri hlutanum, eftir er kennarastofan sem áætlað er að gera næsta sumar. Í haust var efra þakið þétt og núna er verið að einangra gólfið í íbúðinni uppi. Í framhaldi verður lagt gólfefni sem fjarlægt var eftir leka í sumar. Þörf er á að skipta út ljósum og virkilega kominn tími á að mála víða innanhúss. Nokkur verkefni eru á viðhaldslista sem bíða framkvæmda.

Verið er að leggja ljósleiðara hér í hús í Brúarási. En ekki verður hægt að tengjast honum fyrr en eftir áramót þegar ljóst verður hvaða þjónusta verður í boði.

Eldvarnarbandalagið

Allar stofnanir Fljótsdalshéraðs eru hluti af því, verkefnið snýst um að efla brunavarnir í stofnunum og á heimilum starfsmanna. Málin hér standa nokkuð vel en nokkur atriði þarf að laga.

Afmælisár

Næsta skólaár 2018-2019 er 40. starfsár Brúarásskóla.

Fundi slitið.